

Tinova Wood Cleaner

Pallahreinsir

Efnislýsing

Tinova Wood Cleaner er sterkt, lútkennt hreinsiefni með bleikingar-eiginleika. Efnið er ætlað til notkunar á sólpöllum, útihúsgögnum og öðru tréverki utanhúss þar sem fjarlægja þarf óhreinindi, gamlar olíur eða gráma. Jafnframt skal nota þennan pallahreinsi sem fyrra stig í hreinsunarferli á harðvið. Notið þörunga- og mygluhreinsi til hreinsunar ef um minni háttar óhreinindi er að ræða á olíubornum pöllum (enginn grámi).

Gætið sérstakrar varúðar í nálægð við gróður og garðplöntur sem geta skaðast við snertingu af efninu. Þekið gróður og steinfleti með plastábreiðu.



Meðhöndlun

1. Bleytið flötinn vel með vatni. Berið Tinova Wood Cleaner á viðinn sem hreinsa skal með pensli, kústi eða rúllu. Til þess að ná sem bestum og skjótustum árangri skal nota efnið óþynnt.
2. Þvoið 2-3 metra í einu eftir að efnið hefur legið á viðnum í 10-30 mínútur, lengur ef mörg lög af olíu eru á viðnum. Passið að úða aðeins yfir flötinn ef hann er að þorna því virknin í efninu hættir þegar viðurinn þornar.
3. Skolið og skúrið flötinn vandlega með vatni uns allt hreinsiefnið hefur verið fjarlægt. Ef gráminn hefur ekki horfið að fullu þarf að endurtaka þvottinn. Athugið að engar leifar af hreinsiefninu mega verða eftir áður en flöturinn er meðhöndlaður frekar. Hægt er að nota léttan háþrýstþvott eftir að búið er að bera efnið á en varast skal að beita of miklum krafti svo viðurinn skemmist ekki.
4. Látið yfirborðið þorna vel í að minnsta kosti 1-3 daga eftir aðstæðum. Efnið yfir aðeins upp viðinn og í sumum tilfellum er gott að slípa létt yfir.
5. Berið á flötinn pallaolíu frá Nordsjö, t.d. Allround Oil eða UV Super Terrace.

Heilsufars- og umhverfismál

Notið hlífðargleraugu og hanska. Lokið dósinni tryggilega. Þrifið verkfæri strax eftir notkun. Þrifið verkfæri strax eftir notkun. Hellið ekki málningar- og hreinsiefnaleifum í niðurföll; skilið þeim til endurvinnslustöðva ásamt tónum umbúðum. Sjá frekari upplýsingar á öryggisblaði.

Tæknilegar upplýsingar

Til notkunar: Utanhúss

Pakkningar: 5 lítra brúsar

Notkun: Um 5-6 m²/l. Fer mikið eftir viðartegund og ástandi viðarins

Athugið: Tinova Wood Cleaner ætir gler, ál og aðra fleti sem eru viðkvæmir fyrir alkali